

Fundargerð 69. fundar Fræðslusjóðs
Mánudaginn 30. október 2017 kl. 14:00 – 15:30
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfssdóttir, Svanhildur Sverrisdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Kristín Þóra Harðardóttir.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Boðuð forföll: Jón Fannar Kolbeinsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)

Fundargerð samþykkt.

2. Umræðupunktur frá Málþingi 7. sept. sl. (fylgiskjal 2)

Nokkrar umræður urðu um punktana. Meðal þess sem kom upp var að lítil tengsl væru milli fræðsluaðila og atvinnulífsins, leggja þyrfti áherslu á frekara samstarf innan svæða og eins milli svæða og hvort mætti hugsa framhaldsfræðslukerfið upp á nýtt.

Ekki kemur fram ein sameiginleg stefna í samantektinni, en ástæða til að vinna áfram með punktanna og margt í þeim sem á erindi inn í endurskoðun framhaldsfræðslulaganna.

3. Gögn Hagstofu um stærð markhóps; skilgreiningar Staðan.

Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá Hagstofunni um hvort breytingar hafi verið gerðar á aðferðafræðinni við öflun gagnanna (vinnumarkaðskönnun), hvort könnuð hafi verið ástæða mikillar fækkunar meðal þeirra sem minnsta menntun hafa (ISCED 1,2). Svör hafa ekki borist frá Hagstofunni, en starfsmenn FA munu áfram leita leiða til fá þau.

4. Staða endurskoðunar framhaldsfræðslulaga Staðan

Svanhildur gerði grein fyrir vinnu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu við gerð frumvarps um nám fullorðinna. Búið er að vinna grunnvinnu og útbúa ítarlegt stöðumat. Það byggir m.a. á óformlegu samtali við hagsmunaaðila, skriflegum athugasemdum frá þeim og niðurstöðum í úttektarskýrslu Capacent á framhaldsfræðslukerfinu 2014, íslenskukennslu fyrir innflytjendur 2015 og skýrslu verkefnishóps um fullorðinfræðslu 2015. Upphaflega stóð til að endurskoða lögin frá 2010 en niðurstaðan varð hins vegar að skrifa nýtt frumvarp um nám fullorðinna og sú ákvörðun leiddi sem vænta mátti til mun meiri undirbúnings en upphaflega var gert ráð fyrir. Auk þess hefur nýtt verklag innan Stjórnarráðsins við gerð lagafrumvarpa og stjórnarskipti haft áhrif á gang málsins. Framundan er stofnun samráðshóps um nám fullorðinna með öllum helstu hagsmunaaðilum og þar verður m.a. skapaður samráðsvettvangur og tækifæri til að deila reynslu og skoðunum.

5. Aðsend erindi:

a. Bréf frá Kvasir um sameiningu á framlögum til málaflokka frh.fræðslu (fylgiskjal 3)

Fræðsluaðilar óska eftir að úthlutun sjóðsins til hvers aðila verði sameinuð í eina upphæð, en ekki sundurliðuð í verkefnaflokka eins og gert er.

Afgreiðsla: Ekki er heimilt að breyta verklagi við úthlutun. Bæði lög um

framhaldsfræðslu og skilmálar Fræðslusjóðs kveða á um með hvaða hætti standa skuli að

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'JH', 'KH', and 'GH'.

úthlutun og hefur stjórn sjóðsins ekki heimild til að breyta því. Framkvæmdastjóra FA falið að svara bréfinu.

b. Bréf frá Kvasir v. samstarfs í raunfærnimati (fylgiskjal 4)

Óskað er eftir að hægt verði að sækja um einingar til samstarfs án þess að binda það einstöku skilgreindu verkefni líkt og gerð er krafa um í dag.

Afgreiðsla: Erindinu hafnað. Vakin athygli á að fræðsluaðilar hafa tök á að sækja um endurúthlutun á haustin ef fjármagn vantar til framkvæmdar. Framkvæmdastjóra FA falið að svara erindinu.

6. Önnur mál

Þetta var síðasti fundur Guðrúnar Eyjólfsdóttur í stjórn Fræðslusjóðs. Voru henni þökkúð stjórnarsetan og þau störf sem hún hefur unnið fyrir sjóðinn.

Guðrún Eyjólfsdóttir
Framkvæmdastjóra Fræðslusjóðs
Fylgiskjal
Kvæðingur
Gardar Hilmarsson